



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um bann við þátttöku einstaklinga sem hafa brotið alvarlega eða ítrekað af sér Flutningsaðilar: ÍBR, ÍRB, UMSK, KKÍ og SSÍ

Íþróttapening haldið 16. og 17. maí 2025 samþykkir að fela stjórn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands að skipa starfshóp til að skoða leiðir til að setja einstaklinga í tímabundið eða varanlegt bann frá íþróttastarfi, ef þeir hafa brotið alvarlega eða ítrekað af sér.

Starfshópnum verður falið að:

1. Kynna sér hvernig Íþróttá- og Ólympíusambönd, sérsambönd, íþróttahéruð og íþróttafélög erlendis setja reglur og úrræði til að vísa einstaklingum úr hreyfingunni til skemmri eða lengri tíma vegna alvarlegra brota.
2. Kortleggja núverandi úrræði innan ÍSÍ og aðildarfélaga þess, og meta hvort þau dugi til að bregðast við slíkum málum.
3. Leggja til skýrar reglur um bann og leggja til málsmeðferðarreglur, með tilliti til réttlætis, sanngirni og réttaröryggis allra aðila
4. Útbúa leiðbeiningar fyrir íþróttafélög, íþróttahéruð og sérsambönd sem þurfa að vísa aðilum úr íþróttahreyfingunni.
5. Kalla eftir álitum frá aðildarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum og skila af sér heildstæðri úttekt og tillögum að útfærslu á Íþróttapeningi árið 2027.

Greinargerð

Alvarleg atvik hafa komið upp innan íþróttahreyfingarinnar sem hafa dregið fram skort á lagalegum úrræðum til að bregðast við þegar einstaklingar brjóta alvarlega eða ítrekað af sér. Reynslan hefur sýnt að slíkir einstaklingar geta haldið áfram þátttöku í íþróttastarfi með því að færa sig á milli félaga eða stofna ný íþróttafélög.

Það hefur vantað skýrar reglur, lagaleg úrræði og leiðbeiningar til að grípa til viðeigandi ráðstafana í slíkum tilvikum.

Markmið með þessari tillögu er að stuðla að auknu öryggi, trausti og fagmennsku innan íþróttahreyfingarinnar.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar